



VÍS: Uppgjör 1. ársfjórðungs 2021

Árslutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2021 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 29. apríl 2021.

Helstu niðurstöður 1F 2021

- Hagnaður tímabilsins eftir skatta var 1.904 milljónir kr. samanborið við tap upp á 1.963 milljónir kr. á sama tímabili 2020
- Afkoma af vátryggingarekstri tímabilsins var neikvæð um 405 milljónir kr. samanborið við 1.410 milljóna kr. neikvæða afkomu á sama tíma í fyrra
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 108% en var 126,5% á sama tíma í fyrra
- Iðgjöld tímabilsins voru 5.520 milljónir kr. í samanburði við 5.558 milljónir kr. á 1F 2020
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi voru 2.484 milljónir kr. en voru neikvæðar um 162 milljónir kr. á sama tímabili 2020

Helgi Bjarnason, forstjóri VÍS:

„Árið 2021 fór vel af stað í fjárfestingunum – en árangurinn í fjórðungnum er sá annar besti frá skráningu félagsins. Fjárfestingatekjur ársfjórðungsins námu 2,5 milljörðum króna eða 5,8% nafnávöxtun yfir tímabilið. Gott gengi skráðra hlutabréfa skýra stærstan hluta góðrar afkomu en hlutabréfasafn félagsins hækkaði um 17,6%. Fjárfestingaeignir í lok fjórðungsins voru 42 milljarðar króna. Ég er stoltur af góðri afkomu á fjórðungnum – en arðsemi eigin fjárá ársgrundvelli er langt umfram markmið félagsins.

Viðsnuningur í afkomu félagsins

Hagnaður fyrsta ársfjórðungs 2021 var 1,9 milljarður króna sem er viðsnuningur um tæpa fjóra milljarða borið saman við fyrsta ársfjórðung síðasta árs.

Almennt og yfirleitt eru fyrstu þrír mánuðir ársins í tryggingarekstri tjónaþungir – en gott tíðarfari og jákvæð áhrif faraldursins settu sitt mark á fjórðunginn. Þó hafa einstaka tjónsatburðir neikvæð áhrif á fjórðunginn sem gerir það að verkum að samsett hlutfall fjórðungsins er 108%. Á sama tímabili í fyrra var samsetta hlutfallið 126,5% – sem skýrðist þá að mestu leyti af styrkingu tjónaskuldar.

Mikilvægar vörður í vegferð félagsins

Við héldum áfram þeirri mikilvægu vinnu að marka skýra sýn og stefnu með stjórnendum félagsins. Við fórum yfir nýjar áherslur og markmið. Við vitum hvert við ætlum og hvernig – sem er mikilvægt leiðarljós til framtíðar.

Við höldum áfram að þróa stafrænu ferlana sem við höfum nú þegar kynnt til sögunnar – og auka það hlutfall sem fer í sjálfvirka afgreiðslu. Allt er þetta gert til þess að einfalda viðskiptavinum okkar liffið. Við vitum hvað tíminn er dýrmætur. Í upphafi árs kynntum við stolt til sögunnar Okuvísi sem er byltingarkennd nýjung á íslenskum tryggingamarkaði. Appinu hefur verið vel tekið og var vinsælasta appið á Íslandi þegar það kom út. Við erum nú á hraðri leið í átt að framtíðarsýnni að vera stafrænt þjónustufyrirtæki – og Okuvísir er mikilvægt varða á þeirri leið.

Við höfum sagt það áður en við ætlum að breyta því hvernig tryggingar virka. Það þýðir að við hugsum tryggingarnar upp á nýtt og höfum hugrekki til þess að breyta. Næsta varða á stafrænu vegferðinni okkar er breyta kaupferli líf- og sjúkdómatrygginga. Verkefnið er hafið og munum sem fyrr leita til viðskiptavina við þróun og hönnun á þessari nýju lausn. Við hlökkum til að segja nánar frá því.“



Breytt högun á upplýsingagjöf og horfur í vátryggingarekstri á árinu 2021

Félagið hefur tekið ákvörðun um að breyta tilhögur á mánaðarlegri upplýsingagjöf og hverfa frá núverandi formi afkomuspár. Upplýsingagjöf um fjárfestingaeignir í ársfjórðungsuppgjörum verður aukin en fallið verður frá mánaðarlegum tilkynningum um samsett hlutfall og ávöxtun fjáreigna. Samhliða hefur verið ákveðið að birta ekki horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi félagsins. Trygginga- og fjárfestingastarfsemi er í eðli sínu sveiflukennnd og er það mat félagsins að aukin ársfjórðungsleg upplýsingagjöf sé hentugri leið til að upplýsa fjárfesta um stöðu félagsins með auknum sýnileika á eignasafnið frekar en mánaðarleg upplýsingagjöf.

Upplýsingar um samsett hlutfall

Félagið hyggst gefa út horfur um samsett hlutfall hvers árs, ásamt því að tilgreina hver markmið félagsins eru um samsett hlutfall og arðsemi eigin fjár. **Markmið félagsins er að samsetta hlutfallið verði undir 95% og arðsemi eigin fjár verði að lágmarki 15%.** Farið verður yfir samsett hlutfall hvers ársfjórðungs í uppgjörum félagsins ásamt stöðu og horfum í rekstri félagsins.

Upplýsingar um fjárfestingaeignir

I stað þess að birta mánaðarlega upplýsingar um ávöxtun fjáreigna mun félagið birta ítarlegri upplýsingar um fjárfestingaeignir félagsins, til að mynda um stærstu óskráðu eignir félagsins. Það veitir fjárfestum betri færi á að fylgjast með ávöxtun safnsins og áhrif þess á afkomu félagsins í heild. Þannig er verið að bæta upplýsingagjöf um fjárfestingar félagsins án þess að spá fyrir um ávöxtun á markaði til skemmri tíma.

Horfur um samsett hlutfall ársins 2021

Félagið telur að samsett hlutfall ársins 2021 verði á bilinu **97-99%**.

Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf þess.

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 30. apríl, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Helgi Bjarnason, forstjóri félagsins, mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

Við biðjum þá sem hafa hug á að mæta á fundinn að senda tölvupóst á fjarfestatengsl@vis.is svo við getum haldið vel utan um fjölda þeirra sem mæta.

Hægt er að tengjast fjarfundinum hér: <https://vis.is/1-arsfjordungur-2021/>

Hægt verður nálgast upptöku að fundinum loknum á vefsloðinni: <https://www.vis.is/fjarfestafundir/>

Kynningarrefni fundarins verður hægt að nálgast hér: <https://www.vis.is/fjarfestaupplysingar/>

Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur 2021 || 19. ágúst 2021

Þriðji ársfjórðungur 2021 || 21. október 2021

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VIS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is

Rekstrarreikningur

	1F 2021	1F 2020	Br.	Br. %
Iðgjöld tímabilsins	5.520	5.558	-38	-0,7%
Hluti endurtryggjenda	-168	-187	19	-10,2%
Eigin iðgjöld	5.352	5.370	-19	-0,3%
Fjárfestingatekjur	2.484	-162	2.646	-
Aðrar tekjur	19	15	4	23,2%
Heildartekjur	7.854	5.223	2.631	50,4%
Tjón tímabilsins	-4.633	-5.631	998	-17,7%
Hluti endurtryggjenda	164	54	110	-
Eigin tjón	-4.469	-5.577	1.108	-19,9%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	73	-423	496	-
Rekstrarkostnaður	-1.429	-1.375	-55	4,0%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafn	-100	-85	-14	17,0%
Heildargjöld	-5.925	-7.459	1.534	-20,6%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.929	-2.236	4.164	-
Skattar	-24	273	-298	-
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.904	-1.963	3.867	-
Tjóna- og endurtr.hlutfall	83,9%	103,6%		
Kostnaðarhlutfall	24,0%	22,9%		
Samsett hlutfall	108,0%	126,5%		
Ávöxtun fjáreigna	5,8%	-0,5%		
Arðsemi eigin fjár	11,2%	-13,8%		

Efnahagsreikningur

	31.03.2021	31.12.2020
Eignir		
Rekstrarfjármunir	566	606
Viðskiptavíld og aðrar óefnislegar eignir	1.721	1.670
Húsaleigueign	772	798
Skatteign	39	36
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	39.615	38.839
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	1.445	1.438
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.648	1.622
Viðskiptakröfur	9.557	6.496
Endurtryggingaeignir	1.030	887
Aðrar kröfur	970	795
Handbært fé	1.685	1.576
Eignir samtals	59.047	54.762
Eigið fé		
Hlutafé	1.878	1.894
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	7.426	5.455
Óráðstafað eigið fé	7.120	9.017
Eigið fé samtals	17.050	16.992
Skuldir		
Víkjandi skuldabréf	2.875	2.889
Tekjuskattsskuldbinding	27	0
Húsaleiguskuld	808	831
Vátryggingaskuld	34.055	30.073
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	1.648	1.622
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.584	2.355
Skuldir samtals	41.997	37.770
Eigið fé og skuldir samtals	59.047	54.762